Skýrsla um samráð

Efni samráðs
Skýrsla starfshóps um gildisdagsetningar í virðisaukaskatti

Samráð hófst
05.07.2018.

Samráði lauk
07.08.2018.

Fjöldi umsagna
1.

Umsagnaraðilar
KPMG ehf.

Samantekt um umsagnir og viðbrögð
Starfshópur sem skipaður var til að fara yfir gildisdagsetningar í virðisaukaskatti lauk störfum í júní 2018 og skilaði skýrslu til ráðherra. Starfshópurinn var skipaður í janúar 2017 af þáverandi fjármála- og efnahagsráðherra. Gildisdagsetningar í virðiskaukaskatti eru lagðar til grundvallar við vaxtaútreikning inneignar eða skuldar VSK.

Ein umsögn barst í gegnum samráðsgáttina, frá KMPG ehf. Hún var um margt ítarleg og í henni farið m.a. yfir raunverulegt dæmi um villuhættu sem hlýst af því þegar fleiri en eitt stjórnvald kemur að vaxtaákvörðun og að mati KPMG sýndi hve rétt niðurstaða getur verið torsótt fyrir skattaðila.

Skýrslan varð grundvöllur lagabreytinga á lögum um virðisaukaskatt með lögum nr. 59/2018 hinn 8. júní 2018, þar sem kveðið var á um meðferð leiðréttingarskýrslna og skerpt á skyldu aðila til að leiðrétta virðisaukaskattsskil sín ótilkvaddur eftir frumálagningu. Sett voru ákvæði um tiltekin frávik í því skyni að fækka tilefnum til leiðréttingar og þar með fjölda leiðréttingarskýrslna. Einnig var kveðið á um ákvörðun gildisdagsetninga vegna dráttarvaxta og að gildisdagur, þ.e. vaxtaákvörðunardagur, skuli vera sá sami og gjalddagi viðkomandi uppgjörstímabils. Sama skuli gilda við ákvörðun dráttarvaxta ef virðisaukaskattur er endurákvarðaður til hækkunar og ef endurgreiðsla hefur verið of há. Loks var sett inn ákvæði um að heimilt yrði að fella niður dráttarvexti að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Skjal að loknu samráði
https://www.althingi.is/altext/148/s/0885.html
Stjórnarfrumvarp: https://www.althingi.is/altext/148/s/0885.html.